

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2367  
komudagur 7.5.2004



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2004

**Efni: Frumvarp um útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, eignarhald á fjölmiðlum.**

5. maí s.l. barst BSRB til umsagnar frumvarp til laga um útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, eignarhald á fjölmiðlum. Óskað var eftir að svar bærist eigi síðar en 7. maí.

Frumvarp sem felur í sér tillögur um grundvallarbreytingar á íslenskum fjölmiðlamarkaði krefst ítarlegrar skoðunar. Á þessum skamma tíma sem gefinn er næst ekki að setja málið í skoðun og umræðu innan samtakanna eins og nauðsynlegt er þegar um jafn viðmikið mál er að ræða.

BSRB telur að þetta mál þurfi ítarlega skoðun og umræðu og eru samtökin reiðubúin að leggja sitt af mörkum verði tekin ákvörðun um að skjóta því á frest.

f.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir